

Besta ræða Donald Trump. Vitfirringarnir í Washington. Úkraínustríðið

Vitfirringarnar í Washington, búktalarar hins aldurhnigna forseta, hafa heimilað bandaríska hernum í Úkraínu að skjóta meðaldrægum sprengjuflaugum inn í Rússland. Það hefur þegar raungerst. Orðið var við bón Bretta, Frakka og Úkraínumanna.

Skotið var sex sprengjuflaugum (Army Tactical Missile Systems - ATACMS) á skotmark í Rússlandi um miðja nótt, enda óþarfi að teygja lopann samkvæmt fíkniefnasjúklingnum, umboðslausum forseta Úkraínu. En ákvörðunin og sjálft skotið er Bandaríkjumanna.

Þegar í september gerði Vondi-Valdi heiminum það ljóst, að litið yrði á slíkt háttalag sem stríðsyfirlýsingu þeirra þjóðar, sem ábyrg væri. Af sama tilefni var stefna þeirra um beitingu kjarnorkuvopna uppfærð, en eins og kunnugt er hafa Bandaríkjumenn bæði sagt upp tvíhliða samningum um vopnakappphlaup og meðaldrægar flaugar sérstaklega.

Bandaríkjumenn reyna sem sé ekki lengur að fela beina aðilda sína að stríðinu. Því er ekki lengur um að ræða staðgengilsstríð, heldur stríð milli Bandaríkjanna, Nató og Úkraínu annars vegar og Rússa hins vegar. Þetta er skilningur þingmannsins, Dennis Kuchinich, og væntanlega allra, sem hafa yfir að búa almennum málskilningi og skynsemi.

Donald Trump, yngri, hefur sagt þennan gjörning til þess fallinn að torvelda föðurnum friðarsamninga í Úkraínu. Engu að síður ráðleggja sumir stuðningsmanna pabbans að ybba frekar stríðskífið, svo bæta megi samningsstöðuna.

Donald Trump, eldri, lét þessi orð falla af ofangreindu tilefni:

„Aldrei hefur þriðja heimstyrjöldin gerst næргöngulli en nú undir stjórn Joe Biden. Alheimsátök kjarnorkuvelda bjóða heim dauða og tortímingu, sem mannken hefur aldrei orðið vitni að. Það yrðu kjarnorkuragnarök. Við erum í færum um að komast hjá þeim, en nýrra leiðtoga er þörf.

Á hverjum og einum degi staðgengilsstríðsins í Úkraínu vofir yfir hættan á heimstyrjöld. Það verður að verða algjörlega skýrt í huga okkar, að hætta verður ófriði tafarlaust. Allar skotárásir verður að stöðva. Það er kjarni málsins. Frið verður að skapa umsvifalaust.

Aukin heldur verður af gera gangskör að því af fullum heilindum að aftengja stjórnerfi nýihaldssinna (neocon), sem stöðugt dregur okkur inn í stríðin endalausu og þykist vera að berjast fyrir frelsi og lýðræði á erlendum vettvangi. Á meðan allt er lagt í kalda kol heima við. Við erum að verða þriðja heims ríki, þar sem ríkir þriðja heims alræði.

Í því skyni að reka djúpríkisforkólfana og setja Bandaríkin á oddinn, verður að endurhæfa og endurreisa ráðuneyti utanríkis- og varnarmála og afganginn [af skrifræðinu]. Hagsmunir Bandaríkjanna eiga að skipa fyrsta sætið.

Að lokum þarf að ljúka því verki, er hafið var [í forsetatíð] minni að brjóta gaumgæfilega til mergjar tilgang og köllun Nató.

Stjórn utanríkismála leggur sig þráfaldlega fram um að etja veröldinni á forað styrjaldar við kjarnorkuvopnabúna Rússa á grundvelli þeirrar lygar, að okkur stafi mest hætta af Rússum. En mestri ógn stafar ekki af Rússum um þessar mundir.

Henni stafar að líkindum allra helst af hræðilegu fólki, sem hatar Bandaríkin og eru fulltrúar okkar. Þessir alheimstjórnarsinnar vilja sóllunda mætti, blóði og auðævum Bandaríkjanna í eltingarleik við skrímsli og vofur handan hafs til að leiða huga okkar frá eyðileggungunni, sem þeir valda innanlands.

Þessi öfl valda Bandaríjunum meira tjóni heldur en Rússar og Kínverjar gætu látið sig dreyma um. Uppræting (evicting) sjúks og spillts stjórnerfis er gríðarlegt átak fyrir næsta forseta.”

Það veitir svo sannarleg ekki af. Leiðtogadruslurnar í Evrópu undir stjórn Úrsúlu frá Leyen, berja sér á brjóst og ætla sér frekari hernað gegn Rússum. Nýr framkvæmdastjóri Nató er að vonum engu skárri en forverinn, haldinn sömu hugvillu um úkraínskan Natósigur í Úkraínu. Sá fyrri hefur nú fengið feita stöðu hjá kjarna alheimsstjórnarsinnanna í Bilderbergfélaginu.

Það er einmitt á áætlun alheimsstjórnarsinna að eyða veröldinni – jafnvel með kjarnorkuvopnum – og „endurbyggja betur“ í „endurræsingunni miklu.“ Djúpríkið í Bandaríjunum og Evrópu stjórnar bak við tjöldin. Það hlakkar í erkidjöflinum í Davos. Þó ber ekki á öðru, en að bandaríksa djúpríkið sé klofið eins og kosning Donald Trump gæti gefið vísbendingu um. MAGA (Make America Great Again) virðist að sumu leyti andsnúið alheimsstjórnarsinnum.

Alþjóðamálagreinandinn, Peter Koenig, segir: „Í upphafinu kynni svo að virðast, að klofningur hafi verið í djúpríkinu. MAGA deildin, sem er andsnúin

alheimsstjórnarsinnum og eymdarhyggjunni (woke) og berst fyrir fullveldi Bandaríkjanna, leyfði kosningu Donald Trump si svona sem yfirskin.“

Alþjóðastjórnsmálaskýrandinn, Thomas Fazi, segir: „Ákvörðunar Biden um að leyfa Úkraínumönnum að beita langdrægum eldflaugum ATACMS til árasa á Rússland mun verða minnst í sögubókum sem glæfralegasta gjörnings stjórnavalda. {Þetta bætist við] afar langan lista glæfralegra, viðbjóðslegra glæpaverka frá Úkraínu til Gaza. Svo það fari ekki milli mála: Biden – hugsljótt forsetaslytti (lame-duck) flokks, sem goldið hefur afhroð í kosningum – kynni með þessu að hafa lýst yfir stríði á hendur Rússum.“

Annar alþjóðamálaskýrandi og sagnfræðingur, Gilbert Doctorow, hefur þó góðar vonir um, að langlundargeð, skilningur og skynseimi Vonda-Valda, dugi til að stemma stigu við frekari blóðsúthellingum.

Hernaðarsérfræðingurinn, Will Schryver, telur, að Rússar muni nú leggja áherslu á að eyða njósnakerfum Vesturlanda (njósnaflugvélar og -hnettir – Intelligence Surveillance, Reconnaissance – ISR). Upplýsingar úr þeim eru notaðar til að gera árásir á þá. Rússar hafa verið seinþreyttir til vandræða í þessu efni, en eyddu þó ómönnuðu njósnaflygildi (MQ-9 drone) yfir Svartahafi. Því kveiktu þeir hreinlega í. Þeir gætu hugsanlega einnig lagt til atlögu við flygildi (RQ-4), sem eru ómönnuð, svo og mannaðar njósnavélar, sem sveima í námunda við landamæri þeirra í Rúmeníu og Póllandi. Þar í landi hefur verið reist ný, bandarísk herstöð.

Dópistinn í Kænugarði neitar að grafa stríðsökina og boðar hættuna af 100.000 manna herliði Norður-Kóreumanna, sem fyrst muni veita innrásarher Nató í Kursk ráðningu og síðan halda áfram í vesturátt eins og riddarar Gengis Kan.

Hernaðarbandalag Rússa og Norður-Kóreumann er alþekkt, sem og æfingar til að samhæfa heraflann. En það hefur engin staðfesting fengist á fullyrðingum Nató og RÚV þess efnis, að þeir taki þátt í bardögum.

Þó kynni að vera, að stríðstryllingurinn sé að sefast hjá Olaf Scholz, enda þótt þýskir hermenn séu nú þjálfaðir til stríðs við Rússa. Hann sló á þráðinn til Vonda-Valda til að kanna horfur á friði. Hann fékk sama svar og áður. Landsvæði rússnesku mælandi íbúa í Úkraínu yrðu rússneska eins og þeir hafa kosið um og rússneska þingið staðfest. Sömuleiðis yrði að sjá til þess, að öryggisskilmálum Rússa yrði fullnægt. En Vondi-Valdi var, þrátt fyrir stöðug samningssvik, býsna vinsamlegur og bauð að senda þjóðverjum ódýrt gas eins og áður en Bandaríkjumenn og Norðmenn sprengdu leiðsluna þeirra.

Eins og vænta mátti mótmæla Ungverjar og Slóvakar. En íslensku, þræslunduðu stjórnmálamennir eru samir við sig, þegja þunnu hljóði.

Íslendingar ættu að vita, að notkun herstöðvar Nató í Keflavík gæti fallið undir skilgreiningu á óvinaríki í nýrri stefnu Rússa um beitingu kjarnorkuvopna. Verndarenglar vorir í vestrinu kæmu engum vörnum við. Og heldur ekki, ef við fengum heita kveðju á ofurhraða, svipaða þeirri, sem Jemenar nota til að laska herskipin þeirra.

Íslendingar ættu ef til vill fara að dæmi Svía, búa sig undir frekara brjálæði og safna niðursoðinni fæðu. „Opnið Ora dós og gæðin koma í ljós.“

<https://rumble.com/v5r317h-wef-insider-elite-planning-ww3-within-weeks-to-rebuild-world-from-nuclear-a.html>

https://steigan.no/2024/11/ungarn-og-slovakia-kritiserer-usas-for-a-stotte-langdistanseangrep-i-russland/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://responsiblestatecraft.org/trump-putin-ukraine/>

<https://www.thomasfazi.com/p/has-biden-just-declared-war-on-russia>

https://korybko.substack.com/p/everyone-missed-the-most-important?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=151768067&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=DuOcRdfaoAM&t=8s>

<https://www.globalresearch.ca/uk-france-begging-biden-escalate-russia/5872785>

https://korybko.substack.com/p/russias-updated-nuke-doctrine-aims?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=151914483&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/11/putin-forteller-den-tyske-lederen-at-ukraina-fredsavtale-er-mulig/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2024/11/rapport-biden-lar-ukraina-angripe-russland-med-amerikanske-langtrekkende-missiler/?utm_source=substack&utm_medium=email

[https://x.com/Megatron_ron/status/1858266351116190146?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1858266351116190146%7Ctwgr%5E4f3559a17ed6ee6c99d3699bb947ae6d101ab1de%7Ctwcon%5Es1 &ref_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2024%2F11%2Frapport-biden-lar-ukraine-angripe-russland-med-amerikanske-langtrekkende-missiler%2F](https://x.com/Megatron_ron/status/1858266351116190146?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1858266351116190146%7Ctwgr%5E4f3559a17ed6ee6c99d3699bb947ae6d101ab1de%7Ctwcon%5Es1&ref_url=https%3A%2F%2Fsteigan.no%2F2024%2F11%2Frapport-biden-lar-ukraine-angripe-russland-med-amerikanske-langtrekkende-missiler%2F)

[https://x.com/imetatronink/status/1757927746683228479?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1757927746683228479%7Ctwgr%5E512bcca154817780d7fcb44719df0b81a68de4cc%7Ctwcon%5Es1 &ref_url=https%3A%2F%2Fwww.unz.com%2Fmwhitney%2Fgoing-out-with-a-bang%2F](https://x.com/imetatronink/status/1757927746683228479?ref_src=twsrc%5Etfw%7Ctwcamp%5Etweetembed%7Ctwterm%5E1757927746683228479%7Ctwgr%5E512bcca154817780d7fcb44719df0b81a68de4cc%7Ctwcon%5Es1&ref_url=https%3A%2F%2Fwww.unz.com%2Fmwhitney%2Fgoing-out-with-a-bang%2F)

<https://gilbertdoctorow.com/2024/11/18/north-korean-troops-in-kursk-pretext-for-american-escalation-or-cause/>

https://korybko.substack.com/p/the-moment-of-truth-how-will-russia?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=151809838&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

https://denniskucinich.substack.com/p/bidens-missile-crisis?utm_source=post-email-title&publication_id=1441588&post_id=151888364&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://gilbertdoctorow.com/2024/11/19/what-happens-now-after-the-ukraines-atacms-strike-on-an-arms-storage-site-in-bryansk-oblast-russian-federation/>

<https://www.youtube.com/watch?v=Go--8rh8Kx0>

<https://www.unz.com/mwhitney/going-out-with-a-bang/>